

Alþingi
Erindi nr. P 139/1142
komudagur 13.12.11

Jón Thoroddsen

13. janúar 2011

Tillaga til þingsályktunar: um heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskóla.

Þskj. 91 — 86. mál.

Mér hefur borist til athugunar tillaga til þingsályktunar um að gera heimspeki skyldufag á grunnskólastigi sem og í framhaldsskóla. Þar sem ég þekki ekki til heimspekikennslu á framhaldsskólastigi treysti ég mér ekki til að segja til um ágæti tillögunnar á því skólastigi. Ég held mig því við grunnskólastigið.

Í tillögunni segir: „Kenndur verði að meðaltali einn áfangi á hverjum tveimur árum á grunnskólastigi og að meðaltali einn áfangi á hverju skólaári á framhaldsskólastigi.“
Hér verður að hafa í huga að einhver fög þurfa að víkja verði þetta að veruleika. Það val yrði ekki átakalaust. Þó er möguleiki að þetta geti orðið hluti af lífsleikni.

Það er ekki skýrt hvað átt er við með hugtakinu „heimspeki“ í þingsályktuninni. Er hér átt við að kenna beri sögu heimspekinnar eða að nemendur eigi að stunda heimspekilegar rökræður? Ef til vill hvort tveggja. Ég geng út frá því að hér sé um að ræða heimspekilegar umræður með siðfræðilegu inntaki. Vissulega er þörf fyrir slíka kennslu til þess að auka meðvitund nemenda um verðmæti í lífinu svo og sjálfstæða hugsun; það kennir þeim að bera ábyrgð á orðum sínum og gerðum. En til þess að slíkt geti náð fram að ganga þarf mjög markvissa stefnu og hæfa kennara. Sá kennari þarf að hafa þó nokkurn skilning á sögu heimspekinnar sem og gott vald á heimspekilegri umræðu. Hann þarf líka að geta einfaldað þessa umræðu á það plan sem börn og ungmenni skilja án þess að dýpt umræðuefnisins missi sín. Til að mennta kennara til þessa er þörf á vel úthugsuðu námsefni og mikilli þjálfun. Ef þetta tekst ekki er eins víst að tillagan skili engu. Sé ekki faglega staðið að þessu get ég ekki stutt hana.

Flutningsmenn tillögunnar álíta að siðfræði og heimspekikennsla styrki ábyrgðarkennd nemenda gagnvart samfélaginu og stuðli jafnframt að gagnrýnni hugsun. Þetta er í sjálfu sér rétt, en við verðum að gera okkur grein fyrir því að til eru margar tegundir siðfræði sem ganga út frá mismunandi gildismati. Veljum við eina tegund annarri fremur er hætt við að fagið verði ítrodsla sem vinnur gegn markmiðum gagnrýnnar hugsunar. Til að siðfræði komi að gagni verður hún hvort tveggja að auka gagnrýna umræðu og fá nemendur til að rækta holl lífsgildi. Höfum við aðgang að siðfræðiriti sem kemur slíku til leiðar? Það er alls óvíst en námsefni sem gæti uppfyllt þetta verður að vera til staðar.

Að því sögðu er rétt að vekja máls því að börn og unglingar eru miklar tilfinningaverur. Hugsanir eru þeim mun meiri raunveruleiki heldur en okkur „svefngenglum vanans“. Þess vegna verðum við að vera á varðbergi um sálarheill þeirra. Kennari verður að gefa gætur að þeim áhrifum sem siðfræðileg vandamál geta haft á þau. Heimspeki er ekki allsendis meinlaust fag.

Að þessum fyrirvörum gefnum fagna ég þessari tillögu og vona að henni verði fundin raunhæfur og frjór jarðvegur í íslensku skólakerfi. Sjálfur hef ég reynt að fella heimspekilegar umræður að lífsleikni og tel ég þann vettvang prýðilegan til að auka þátt heimspeki í skólakerfinu. Það hefur sýnt sig að eftirspurn eftir heimspekilegri rökræðu er töluverð eins og ég hef orðið vitni að í starfi mínu, hvort sem litið er til foreldra, nemenda, skólastjórnenda eða annarra kennara sem bera að heimspekileg rökræða bætir námsárangur í öðrum fögum og eykur sjálfstæði nemenda.


Jón Thoroddsen

kt. 150257-5819
kennari við Laugalækjarskóla
jon.thoroddsen@reykjavik.is
s. 551-3704/588-7500